



YFIRHEYSRSLAN & SKÝRSLAN



Yfirheyrslan

Nafn: Hjálmar Ingvason
Fjölskylda: Eiginkona Elinborg Þorvaldsdóttir og eigum við þrjár dætur

Vinnustaður: Jón Kjartansson SU-111
Uppáhaldsmatur: Svinalandur af indverskum sið
Besta fótboltaíð: Arsenal FC
Besti tónlistarmaður: Eftir að ég fór á tónleika með Rolling Stones í Kaupmannahöfn fyrir sex árum hef ég haldið upp á hinn ódrepanði Keith Richards

Besti leikari: Gísli Rúnar Jónsson
Besta leikkona: Helga Braga Jónsdóttir
Besti fjölmiðlamaðurinn: Haukur Helgi Þorvaldsson, mágur minn

Áhugamál utan vinnu: Fjölskyldan og ferðalög
Hvað er í buxnavösum: Tómir! Vasahnífurinn týndur
Sefur þú í náttfötum: Aldrei
Byrðu um rúmið/kojuna: Já, yfirleitt

Hver er besti kokkurinn í kolmunnaflotanum: Síggi, kokkurinn okkar á Jóni ber af, þó ég hafi reyndar lítið annað til samanburðar

Skýrslan

Ferillinn

Ég fór fyrst til sjós 15 ára gamall á Árna Sigurði frá Akranesi og eftir það hefur sjómennskan lóðað við mig. Fyrst sem ihlaupastarf en síðustu 22 árin hefur þetta verið mitt aðal starf þar af síðustu 18 árin hjá Eskju. Ég hóf störf hjá Eskju sem háseti á Hólmatindi og fór síðan í Stýrimannaskólann í framhaldi af því. Fljótlega eftir að ég kláraði skólann var ég fastráðinn fyrsti stýrimaður og afleysingarskipstjóri á Jóni Kjartans og hef verið þar síðustu 15 árin. Þrátt fyrir að hafa verið í áhöfn Jóns Kjartans öll þessi ár hefur maður komið við á öllum öðrum skipum í eigu Eskju. Sérstaklega þegar Jón Kjartans fór í hinar miklu breytingar árin 1998 og 2000. Þegar allt er saman tekið hef ég á einhverjum tímum verið skipstjóri á þeim öllum.

Lífið um borð

Á gamla Jóni Kjartans (fyrir síðustu breytingar) var oft mikið líf um borð og sérstaklega eru minnisstæðar sögustundirnar með Ásbirni Hjaltasyni í borðsalnum þegar við stunduðum karfa- og grálúðuveiðar. Hann kunni að segja sögur þannig að allir hefðu gaman af því að hlusta. Einnig er mjög minnisstætt þegar við vorum fyrst á rækjuveiðum hérna úti fyrir Austurlandi. Þá vorum við að vinna ákveðna frumkvöðlavinnu með því að kanna ný veiðisvæði og stækka þau er fyrir voru.

Eftir að skipið var endurbyggt og skipt um vél er um allt aðra sjómennsku að ræða en áður fyrr. Allur aðbúnaður, vinnuástaða og árangur hefur stórlega batnað. Reyndar hefur félagslíf um borð breyst nokkuð með tilkomu sjónvarpskúlunnar, mannskapurinn er meira út af fyrir sig og horfir á sjónvarp. Það er helst þegar Arsenal-leikir eru í sjónvarpinu að áhængendur og andstæðingar, sem eru í miklum meirihluta um borð, safnast saman í borðsalnum og þá er oft ansi lífligt. Einnig kemur fyrir að menn grípi í skák og kasínu en ekkert eins og áður var. (Ég fæ því ekki að njóta mín jafn mikið og áður þar sem ég var langsterkasti kasínuspilarinn í flotanum!)



Sala eigna Eskju hf.

Sú stefna var mörkuð snemma árs 2001 að einfalda rekstur félagsins og selja þær rekstrar-einingar sem ekki falla beint undir kjarna-starfsemi félagsins, það er að veiða og vinna fisk.

Á liðnum mánuðum hefur félagið selt nokkuð af eignum og minni rekstrareiningum. Í byrjun ágúst keypti Trékarl ehf. gömlu Þöntunarfélags-skemmuna sem stendur utan við frystigeymslu Eskju hf. Trékarl mun flytja trésmiðaverkstæði sitt í skemmuna og gefa henni nýtt líf.

Um miðjan ágúst var samið við ungan athafnamann á Eskfirði, Kidda Þór, um kaup á Man vörubíreið sem Eskja hefur rekið í um 5 ár. Vörubíreiðin er með öflugan krana og ein sú best útbúna á Austurlandi. Fyrirtæki Kidda Þórs, KP Kranabill.is, er nú með tvo bíla í rekstri og verkefnastaða góð að sögn Kidda forstjóra. Eskja hf. gerði í tengslum við sölnu þjónustusamning við KP Kranabill.is um vörubílaþjónustu.

Hamar ehf. keypti nú nýverið löndunarkrana Eskju hf. og mun í framhaldinu þjónusta félagið. Í ljósi uppbyggingar á svæðinu sjá Hamarsmenn fram á ýmis verkefni fyrir tækið. Kraninn hefur meðal annars verið nýttur á hinu þekktu Kárahjúkasvæði.

Fréttabréf

3. árg. 3. tbl. 2003

Útgefandi: Eskja hf.

Ritstjóri: Karl Már Einarsson
karl@eskja.is

Ábyrgðarmaður: Elfar Aðalsteinsson
elfar@eskja.is

Umbrot og prentun: Héraðsprent ehf.

Menntasmiðja Eskju



Menntasmiðja Eskju er nú komin á fulla ferð og er búið að halda tvö af tólf námskeiðum sem fyrirhuguð eru í vetur. Fyrsta námskeiðið var í indverskri matargerð og var það haldið í matreiðslusal Grunnskóla Eskifjarðar. Leiðbeinandi var hin indverska Shabana Zaman. Þátttakendur voru 22 talsins og skemmtu þeir sér hið besta við að elda indverskan mat undir leiðsögn Shabönu. Eftir um tveggja tíma eldamennsku voru komnir á borð um 15 girnilegir réttir allt frá indversku brauði til sterka karríretta. *Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn standa stoltan við aftraktur eldamennskunnar.*

Annað námskeiðið var haldið 26. september sl. í Eskjusalnum. Námskeiðið var fyrir starfsfólk Bolfiskvinnslunnar. Ryfjuð voru upp og kynnt ýmis atriði er koma að gæðamálum og framleiðsluferli í vinnslunni. Voru þátttakendur sammála um að námskeiðið hefði verið haldið á góðum tíma þar sem þeir væru mikið með hugann við hin ýmsu mál er tengjast vinnslunni eftir þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á húsnæði vinnslunnar í sumar. *Framundan eru mörg spennandi námskeið og er starfsfólk Eskju hvatt til að kynna sér þau sem í boði eru. Næsta námskeið er í vinsmökku og verður það haldið 23. október nk. Líklegt er að það verði með lífligri námskeiðum vetrarins.*

Fiskveiðiárið 2002/2003

Nýliðið fiskveiðiár var í heildina hagstætt skipið á landinu með 80 þúsund tonna afla. Þar á eftir kom Börkur NK með tæplega 79 þúsund tonn. Jón Kjartans aflaði einnig vel og var fjórða aflahæsta skipið með tæplega 70 þúsund tonn. Athygli vekur hve hlutdeild kolmunna í heildarveiði skipa Eskju hefur aukist á milli ára og var hún á síðasta ári 56% af heildarafla þeirra.

Guðrún Þorkels og Votaberg voru lítið að á árinu vegna lokunar rækjuverksmiðjunnar en

afla þeirra var um 550 tonn, þar af 264 tonn af rækju.

Hólmanes aflaði um 2.000 tonn af bolfiski en vist er að afli Hólmaness mun aukast verulega á nýbyrjuðu fiskveiðiári enda fyrirhugað að skipið veiði um 3.000 tonn.

Samtals var aflaverðmæti skipa Eskju á síðasta fiskveiðiári ríflega 1.300 milljónir króna og munaði þar mest um Hólmborg og Jón Kjartans sem voru með aflaverðmæti upp á rúmlega 1.000 milljónir.

Breytingar í Bolfiskvinnslu Eskju

Í sumar var unnið að umtalsverðum breytingum á vinnslusal, búningsaðstöðu og kaffistofu Bolfiskvinnslunnar. Vinnslusalurinn fékk andlitslyftingu með nýju vegg- og gólfefni. Nú eru hinar gömlu vegg- og gólfplisar horfnar undir hið nýja efni og er allt annað yfirbragð á salnum. Búningsaðstaða vinnslunnar var endurbyggð, sett var upp skiptirými fyrir útiföt, búningsklefar hannaðir að nýju. Búningsaðstaðan er nú orðin eins og hún gerist best og líkist helst búningsaðstöðu í nýrri sundlaug. Kaffistofu vinnslunnar var einnig umbylt, hún var stækkuð og innréttuð upp á nýtt. Eftir breytingar þessar er kaffistofan nefnd Eskjusalurinn. Yfir daginn er salurinn nýttur sem kaffistofa fyrir starfsmenn vinnslunnar, en einnig er fyrirhugað að nýta hann til kennslu fyrir Menntasmiðju Eskju og sem hátíðarsal fyrirtækisins í framtíðinni.

Þorskeldi

Nú eru um 35 tonn af þorski í eldiskvíum Eskju í Eskfirði og dafna þeir vel. Fyrirhugað er að slátra þessum fiskum að ári og er vonast til þess að þeir hafi þá aukið þyngd sína verulega. Már Hólm sem verið hefur skipstjóri á eldisbátinum Bylgju mun láta af störfum í lok október og vill Eskja nota tækifærið og þakka Má fyrir hans starf í þágu fyrirtækisins í gegnum tíðina og óska honum alls hins besta í framtíðinni. Við starfi Má tekur skipstjórinn og matsmaðurinn Einar Eyjólfsson.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þá félagá vinna við að fódra þorskinn fyrr í haust.



Kæra samstarfsfólk

Hér ber að líta þrjú tölublað ársins og að venju er blaðið fullt af fréttum af Eskjumönnum og -mállefnum. Eins og flest ykkar vita hafa staðið yfir miklar endurbætur á frystihúsinu sem miða að því að svara nútíma gæðakröfum starfsfólks og viðskiptavina. Verkið var unnið á mettíma í sumar svo að vinnslan gæti farið á fullt við ný kvótaáramót og yrði betur í stakk búin til að vinna úr auknum veiðiheimum félagsins er urðu til við Höpskaupin. Eitt af komandi verkefnum okkar nú, er að bæta skilyrði hráefnisméðhöndlunar til sjós og auka þannig á gæði þess aflu sem að landi kemur. Gæðakröfur neytenda eru sífellt að aukast og er mikilvægt fyrir okkur að vera gagnrýnir á eigin þátt og aðferðir hvað slíkt snertir.

Mikið hefur verið skrifað og skrafað um línuvinnun undanfarið og hart er sótt. Til þess að setja málið í samhengi, hefðu slíkar tilfærslur þau áhrif að Eskja myndi sjá á eftir 300 tonna veiðiheimum út úr félaginu. Slík tilfærsla næmi rúmlega eins mánaðar veiði- og vinnslustöðvun. Tel ég að óþarft sé fyrir okkur að láta slíkt yfir okkur ganga, eftir að hafa keypt til okkar veiðiheimum í stórum stíl, og munum við vernda rétt okkar til réttlátrar skiptingar sem fremst við megum.

Að lokum vil ég þakka öllum fráberarar viðtökur á nýju Menntasmiðjunni sem býður upp á fleiri og fjölbreyttari námskeið en nokkru sinni fyrr og hvet þá sem ekki hafa skráð sig á námskeið nú þegar að hafa hraðann á - það er allt að fyllast!

Kær kveðja,
Eifar

Ræder Seafood Köpp

Um miðjan september var haldin í annað sinn golfkeppni á milli Eskju og Síldarvinnslunnar "Ræder Seafood Köpp". Keppnin fór fram á Grænanesvelli heimavelli Síldarvinnslunnar. Keppnt var í sex tveggja manna liðum eftir Texas scramble fyrirkomulagi. Keppnin var haldin í fyrsta skipti í fyrra og er vonast til þess að keppnin verði að árlegum viðburði. Eskja sigraði með yfirburðum árið 2002. Úrslit að þessu sinni fóru á allt annan veg og sigraði Síldarvinnslan nokkuð örugglega og er greinilegt að samlegðaráhrifin af sameiningu Síldarvinnslunnar og SR-mjols hafa skilað sér vel til golfliðs fyrirtækisins. Þrátt fyrir að stór hluti af golfliði Eskju hafi verið búinn að fara í æfingabúðir erlendis á árinu var árangurinn



ekki betri en að ofan greinir. Víst er að Eskja mun leggja mikið kapp á að klófesta bikarinn að ári. *A meðfylgjandi mynd má sjá lið fyrirtækjanna eftir verðlaunaafhendingu. Þess má geta að á myndina vantar einn liðsmann Eskju hann Bjarna Kristjánsson, Jói Lalla kallaði hann út á sjó í miðju móti. Segja menn að ástæðan hafi verið að Jóa hafi sárnað mjög er hann var ekki valinn í keppnisliðið.*



Mjöl- og lýsisvinnslan

Mikið hefur verið að gera í Mjöl- og lýsisvinnslu Eskju í sumar þar sem góður gangur hefur verið í kolmunnaveiðum. Þann 19. september gátu starfsmenn vinnslunnar þó litið upp úr mjölpökunum og gert sér glaðan dag. Haldið var golfmót hjá starfsmannafélagi vinnslunnar. Voru leikreglur nokkuð sérstakar og fengu sumir starfsmenn fleiri bolta en aðrir á teigum. Ekki verður farið út í að greina frá úrslitum, en víst er að allir skemmtu sér hið besta.

Í desember er fyrirhugað að sinna ýmsu viðhaldi á vinnslunni og verður ekki tekið við neinu hráefni þann tíma sem framkvæmdir standa yfir. Fyrir liggur að mura upp eldhólf, setja upp nýjar innvigar og sinna almennu viðhaldi. Eftir framkvæmdir þessar verður verksmiðjan klár fyrir komandi loðnuvertíð.

Leiftur frá liðinni tíð Frystihús Eskju

Fljótlega eftir stofnun félagsins 1944 og söfnun hlutfjár til uppbyggingar þess var ráðist í að byggja hús það sem við þekkjum í dag sem frystihúsið. Byggingameistari var Auðbergur Benediktsson. Þessi mikla bygging reis á skömmum tíma enda margir sem lögðu gjörva hönd á verkið.

Í þessu húsi, lítið breyttu, var svo starfað fram að árinu 1973. Þá um haustið var ráðist í miklar endurbætur á húsinu og stóð vinna við það fram á árið 1974. Húsið var stækkað úteftir, þar urðu til nýjar kaffistofur starfsmanna og vinnslusalur var stækkaður. Sneri hann eftir þær breytingar inneftir/úteftir. Einnig voru miklar endurbætur á vélasal og gamla frystiklefanum á neðri hæð.

Þannig hefur þetta verið síðan með minniháttar breytingum á vélbúnaði og vinnslulínum í um það bil 30 ár. En undanfarnir tvö ár hefur verið unnið markvisst að breytingum í frystihúsinu. Nýjar framleiðsluáferðir hafa leitt af sér breytingar á vélbúnaði og honum hafa fylgt kröfur um breytingar á húsnæði vinnslunnar. Mikil hagræðing hefur átt sér stað þannig að öll flakavinnsla fer nú fram á einni hæð.

Í sumar var svo ráðist í viðamiklar breytingar á starfsmannaaðstöðu og vinnslusal til að bæta

Sex mánaða uppgjör 2003

Eskja hf. skilaði árshlutauppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2003 í ágúst. Eins og þar kemur fram minnka tekjur félagsins verulega frá fyrra ári. Ástæður þess má helst rekja til samdráttar í loðnuveiðum og -vinnslu en 52 þúsund tonn veiddust á fyrstaðinni loðnuvertíð samanborið við 91 þúsund tonn árið áður.

Heildarveiði skipa félagsins var 24 þúsund tonnum minni og rýrði það tekjur útgerðarinnar sem nemur 447 milljónum. Framleiddar afurðir í mjöl og lýsisvinnslu námu tæpum 25 þúsund tonnum miðað við tæp 31 þúsund tonn árið áður og minnkar það tekjur þeirrar deildar um



starfsumhverfi og uppfylla ströngustu kröfur um hreinlæti og heilbrigði.


Eftir allar þessar breytingar er gaman að velja því fyrir sér hvort fólk eins og þau Helgi Páls, Dís Sobba eða Valdi Beck sem unnu í húsinu eins og það var upphaflega smíðað myndu kannast við sig þarna núna eða hvort Auðbergur Benediktsson upphaflegi byggingameistarinn þekkti húsið sitt aftur.

350 milljónir. Framleiddar bolfiskafurðir jukust lítillega á milli ára.

Samkvæmt upplýsingum frá Óskari Garðarsyni fjármálastjóra þá er niðurstaða tímabilsins nær rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2003, en niðurstöður fyrsta ársfjórðungs gáfu til kynna. Rekstraráætlun félagsins gerir ráð fyrir að EBITDA framlegð verði um 29% á árinu, að því gefnu að afurðaverð haldist stöðugt út rekstrarárið.

Nánari upplýsingar um uppgjorið má finna á heimasíðu Eskju.

Uppfært skipurit Eskju



Skipurit Eskju hefur verið uppfært. Á hinu nýja skipuriti bætast við tvö stöðvið er ganga þvert á fjögur meginvið félagsins, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Nýr próunar- og gæðastjóri hefur verið ráðinn, Karl Már Einarsson, sjávarútvegsfræðingur. Karl hóf störf hjá Eskju um mitt ár 2002 sem umsjónarmaður þorskeldis félagsins. Síðan þá hefur

hann unnið að ýmsum verkefnum innan fyrirtækisins. Í hinu nýja starfi mun hann sinna þeim próunarverkefnum er Eskja vinnur að hverju sinni auk þess sem hann hefur yfirumsjón með gæðamálum.

Nýr skrifstofu- og starfsmannastjóri hefur verið ráðinn, Halla Óskarsdóttir sem starfað hefur á skrifstofu Eskju í átta ár. Í hinu nýja

starfi mun Halla sjá um rekstur og stýringu á skrifstofu félagsins ásamt því að sjá um allt sem viðkemur starfsmannamálum. Starfsmannastjóri mun hafa umsjón með því að innleiða nýja starfsmannastefnu fyrirtækisins og endurskoða reglulega í samráði við starfsfólk. Til gamans má geta þess að Halla er fyrsta konan sem ráðin er sem sviðstjóri hjá Eskju - til hamingju Halla.

Nýr lager Nótastöðvar

Síðustu daga hefur verið unnið í því að koma upp nýjum lager fyrir starfsdeildir Eskju. Nýi lagerinn verður staðsettur í gamla saltfiskverkunarhúsinu. Það eru aðallega Mjöl- og lýsisvinnslan og Nótastöðin sem munu nýta lagerinn. Nótastöðin undir ýmis notaefni, víra og tóg og Mjöl- og lýsisvinnslan undir tóma mjölpoka. Mesta breytingin verður án efa fyrir Nótastöð Eskju sem verið hefur með lager á þrem stöðum í bænum en verður eftir þetta með einn í næsta nágrenni við Nótastöðina.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þá Stefán Ingvarsson hæstráðanda á Nótastöðinni og Kristinn Aðalsteinsson þjónustustjóra skipuleggja hinn nýja lager.

Úr mjölpoka-horninu

Tippklúbburinn (Sv)eskja

Í rúmt ár hefur verið starfræktur tippklúbbur á skrifstofu Eskju og hefur hann hlotið nafnið Sveskja. Fyrirkomulagið er þannig að menn tippa fyrir 10 kr á viku og sá aðili er nær hæsta skori yfir mánaðartímabil fær verðlaun sem þeir tveir er reka lestina kosta. Sá tippari sem vakið hefur mesta athygli fyrir góðan árangur og sérstaka tipptaktik er Emil útgerðarstjóri. Emil tippar yfirleitt eingöngu á heimasígu. Ef hann ákveður að nota tákníð x eða 2 vinnast þeir leikir alltaf á heimavelli.

Af rjúpum

Mikið orð hefur farið af rjúpnaveiðum starfsmanna Eskju á undanförmum áratugum.

Fyrir nokkrum árum hugði bræðslumaður einn á rjúpnaveiðar að morgni. Hann lagði dæmið þannig upp að veiði væri líklega mest á Jökuldalsheiði og hugðist aka þangað, keyra í einn og hálfan klukkutíma. Hann útbjó sig vel kvöldið áður, tindi til byssu og skot, hlý fót, nesti, neyðar-búnað og annað það sem tilheyrði. Einnig dreif hann sig á bensinstöð og fyllti tankinn þannig að hann yrði ekki bensinlaus. Þá var hann klár í slaginn.

Klukkan fjögur að morgni hringdi klukkan og veiðimaðurinn slyngi snaraðist upp úr rúminu, fékk sér kaffisopa og brauðsneið, snaraði dótinu út í bíl og ók sem leið lá upp á Jökuldalsheiði, hálfannarstíma akstur og stansaði í birtingu - þarna var veiðilegt.

Hann snaraðist út, renndi upp gallanum, greip byssuna en þá rann upp ljós fyrir honum. Hann var á inniskónum.

Heimasíður skipa Eskju

Áhafnir á Hólmaborg og Jóni Kjartans eru nú báðar komnar með heimasíðu þar sem ýmsan fróðleik er að finna m.a. lýsingar á áhafnar-meðlimum. Til dæmis er Guðna Þór Elíssyni lýst þannig á heimasíðu Jóns Kjartanssonar: „Guðni er hreinræktaður Eskfirðingur ættaður að Múslæk. Hann þykir með eindæmum ofvirkur og étur sultu með öllum mat, meira að segja hangikjöti og skryi. hann frussar og hrækir mikið.“

Heimasíða Jóns Kjartanssonar: www.simnet.is/jonkjartans
Heimasíða Hólmaborgar: www.simnet.is/hlynurud